

SPJALDTÖLVAN

Verkefni unnin strax eftir afhendingu.

Ath: Vinna skal verkefni 1 - 6 með öllum nemendum.

Verkefni 7 - 11 eru valkvæð.

1. Setja inn eigin skjámynd á tækið.

Opna myndavélina, smella af (við “selfie” þarf að snúa sjónarhorninu) og myndin flyst yfir í **Photos**.

Setja mynd á skjá spjaldtölvunnar: Opna **SETTINGS** - Wallpaper - Choose a New Wallpaper - Opna camera roll - velja mynd - Velja “Set Home Screen”.

2. Ná í mynd af netinu - Google.is

Opna Safari, gúggla mynd, opna mynd (view image) halda fingri yfir myndinni og bíða eftir **Save image**. Þá flyst myndin yfir í **Photos**. Senda myndina til sessunautar með Airdrop.

Viðtakandinn þarf að vera með sitt Airdrop stillt á „EVERYONE” annars birtist ekki nafnið hans.

3. Telja hvað eru margir takkar og göt á spjaldtölvunni.

Fara yfir með nemendum hvað hver takki og hvert gat gerir. Hér er upplagt að fá nemendur til liðs við sig og láta þá segja frá þessu.

4. Hleðslutæki og snúra.

Ræða um snúruna, hversu viðkvæm hún sé, það þurfi að merkja hana og hleðslutækið. Hægt er að nota snúruna til að tengja iPadinn við tölvu (USB tengi). Nemendur eiga að koma með tækin fullhlaðin í skólann og því þarf að hlaða tækin á kvöldin eða nóttunni. Snúran og hleðslutækið er best geymt heima.



5. Sækja PDF skjal og opna í iBooks.

Fara á vef Menntamálastofnunar (nams.is). Þar skal slegið á krækjuna Vefur Námsgagnastofnunar. Slegið á krækjuna námsefni (stika ofarlega) - valið unglíngastig (valgluggi vinstra megin ofarlega) - stærðfræði (valstika vinstra megin) - ítarefni (tegund efnis hægra megin) og skjalið **Hugtök í stærðfræði, pdf** opnað (slegið á vefslóðina) sem birtist á skjánum. Þegar búið er að opna pdf skjalið skal ýtt á orðin Open in iBooks (uppi hægra megin, þau orð birtast sé ýtt á skjáinn) og þá flyst skjalið í appið iBooks og nemandinn hefur alltaf aðgang að skjalinu.

6. **Safari- vafrinn. Að búa til “shortcut” á skjáborðið**

Nemandinn opnar upphaldssíðuna sína á netinu.

Efst í vinstra horninu er merki - **ferhyrningur með ör sem vísar upp**. Nemandinn smellir á merkið og velur: **Add to homescreen**. Hann ýtir á heimatakkann og þá á að birtast skjámynd síðunnar á skjá iPadsins.



7. **Finna verkefni eða búa til verkefni <http://create.kahoot.com>**

Ef kennarinn er að fara í fyrsta skipti inn á kahoot þarf að smella á hnappinn „**GET MY FREE ACCOUNT**” til að skrá sig inn. Að því loknu er afar auðvelt að finna verkefni, bæði innlend og erlend. Farið í **Public Kahoots** og setjið inn leitarorð t.d. tengt námsgreinum eða viðfangsefnum. Einfalt að búa til sína eigin leiki þar sem kennarinn aðlagar efnið að sér og sínum nemendum.

Til að byrja leik fara nemendur inn á **kahoot.it** og skrá inn leikjanúmer (game pin) sem kennarinn gefur upp.



8. QR-kóðar

Kennarinn getur útbúið nokkur verkefni með QR-kóða, prentað út og dreift til krakkanna. Þeir nota síðan QR-lesara (sem þarf að ná í í AppStore) til að skoða verkefni. Þetta geta verið smáverkefni af ýmsu tagi t.d. skoða myndband, lesa um ákveðið fyrirbæri, leysa þraut o.s.frv. Búnir eru til QR-kóðar á <http://qrstuff.com>




9. **Keynote - verkefni.** Nemendum er skipt í hópa, ca. 3-4 nem. í hverjum hópi. Hópurinn býr til kynningu um hópmeðlimi. Fremst er hópmynd með titli og eftir það ein síða fyrir hvern hópmeðlim. Þar eru settar inn upplýsingar og myndir er tengjast hverjum nemanda s.s. áhugamál, uppáhaldsöfurfurhetjur og fleira í þeim dúr. Kynningin send til annarra í bekknum með Airdrop eða sýnd í gegnum skjávarpa.



10. Myndavélin - myndbönd

Nemendur vinna tveir og tveir saman, fara út á skólalóð og taka mynd af **einu atriði** sem tengist umhverfisvernd t.d. hvað má betur fara eða er til fyrirmyndar fyrir skólann þeirrar. Þau fjalla um þetta tiltekna atriði um leið og upptaka fer fram (hljóð+mynd). Nemendur opna myndavélina (sjá mynd) og velja VIDEO á sleðanum. Þessi umhverfisatriði eru kynnt fyrir hinum þegar komið er í skólann - í gegnum skjávarpa.



Það má einnig hugsa sér að nemendur vinni áfram með upptökuna inni í iMovie ef það smáforrit er í iPadinum eða í kennslustund sem síðar verður.

11. Myndvinnsla

Í **Photos** er hægt að vinna aðeins með myndir sem eru sóttar eða teknar. Nemandinn ákveður mynd til að vinna með. Markmiðið er að breyta henni t.d. með því að klippa (crop) hana til, lýsa, dekkja, breyta um líti o.fl. Hnappurinn **Edit** er valinn í hægra horninu inni í Photos, þá birtast verkfæri á vinstri hlið sem nemandinn á að nota við vinnsluna.

